

REISIER-STRANDIÐ OG JARNIÐ Á DYNSKOGARÞORI

(Sjá blaðsíðu 9)



flutningar. —
ynd eftir Guðna
Þarson).

Í LAUSASÖLU

5 kr

SEPT. — OKTÓBER 1952

Útgefandi: Samband íslenzkra samvinnufélaga.

Ritstjóri: Benedikt Gröndal.

Ritstjórn og afgreiðsla í Sambandshúsinu, Reykjavík.

Ritstjórnaðsímí 7080.

Kemur út mánaðarlega.

Verð árgangansins kr. 40.00.

Verð í lausasölu 5 kr.

Prentsmiðjan Edda.



Efni.

Er stóriðja eina leiðin	3
Reistu í verki viljans merki	4
Fyrsta íslenska iðnaðarborgin — fyrir 200 árum	6
Framleiðslusamvinna, eftir Eysteinn Jónsson	7
Strand Persier og járníð á Dynskógafjöru	9
Ostgerð og ostneyzla, eftir Jónas Kristjánsson	12
Vinsælir ostaréttir	13
Sýnd vara, en ekki seld	14
Gjöf Borgfirðinga til Bifrastar	15
Hvor sigrar, Eisenhower eða Stevenson	16
Heimilistækninni fleygir fram	18
Stúlkan úr Svartaskógi, ný framhaldssaga, eftir Louis Bromfield	28

XLVI. árg. 8—9

Sept.-okt. 1952

mikilli landbúnaðarsýningu í Kasson í Minnesota, kom þetta skýrt fram, báðir lýstu stuðningi við samvinnufélög bænda, en Stevenson ræddi sérstaklega um lagasetninguna. Hann gat þess einnig, að hann væri sjálfur samvinnumaður, en hann er meðlimur í samvinnufélagi í Illinois og kaupir flestar nauðsynjar til búgarðs síns í Libertyville hjá kaupfélaginu þar.

JÁRNÍÐ Á DYNKÓGAFJÖRU hefur komið allmjög við fréttir dagblaðanna undanfarnar vikur, vegna hinna miklu og flóknu málaferla, sem spunnizt hafa út af eignarrétti og björgunarrétti þess. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn, sem hér verða flókin málaferli út af þessu skipi, strandi þess og björgun, því að 1941 stóðu yfir málaferli í sjórétti og hæstarétti út af björgunarlaunum.

Strand Persier, sem járníð flutti, og afleiðingar þess, eru einn af hinum fjölmörgu atburðum, sem hér gerðust á stríðsárunum, en lítið hefur verið sagt frá opinberlega, enda þótt óþarfi væri að halda mikilli leynd um þetta skipsstrand. Í þessu hefti birtir Samvinnan söguna af þessu skipi, strandi þess hér við land, björgun farmsins og skipsins sjálfs, og loks frá járninu, sem fleygt var á Dynskógafjöru til að létta á skipinu, og þá þótti ekki þess virði að bjarga og flytja til Reykjavíkur. Þessa sögu má setja í flokk með sögunni af El Grillo, oliuskipinu í Seyðisfirði, og má vel vera, að margar slíkar sögur liggi enn ósagðar frá stríðsárunum hér á landi. Væri gaman að grafa þær upp.

OSTAR hafa verið mjög á dagskrá undanfarnar vikur, þar eð Sambandið gerði sérstaka tilraun til að vekja áhuga á þeim og auka sölu á þeim í sambandi við Iðnsýninguna. Vakti sýningareldhúsið þar hina mestu athygli og áhugi á ostneyzlu og matreiðslu með osti fór sýnilega vaxandi. Var sýningargestum m. a. gefinn ritlingur með uppskriftum ostaréttanna, og er grein Jónasar Kristjánssonar, sem í þessu hefti birtist, formáli að því riti. Hér á landi er hægt að framleiða miklu meira af osti en nú er neytt í landinu, og er sjálfsgætt að auka ostaneyzluna og hagnýta þessa möguleika á framleiðslu hollrar kjarnaefæðu í landinu sjálfu.

MYNDIN af Jónasi Kristjánssyni var tekin af Svianum Jöran Forslund, en myndina af slaghörpunni í Bifröst af Árna Böðvarssyni.

FORSÍÐUMYNDIN á þessu hefti er frá fjárflutningunum miklu í haust, og sýnir fé koma til hinna nýju heimkynna sinna eftir langa ferð í bifreiðinni. Flutningar þessir voru einhverjir mestu í sögu landsins, enda var skiptasvæðið að þessu sinni mjög stórt, meginhluti Suðurlandsundirlendisins. Guðni Þórðarson tók myndina, en hann hefur einnig tekið myndirnar frá Iðnsýningunni og myndina af Eiríki Þorsteinssyni.

IÐNSÝNINGIN 1952 var tvímæla-laust einn merkasti viðburður ársins og hún hefur orðið til þess að opna augu margra fyrir þýðingu iðnaðarins fyrir þjóðina nú, og þeim opnu möguleikum, sem blasa við iðnaðinum, ef vel er á málum hans haldið. Í frásögninni af sýningunni var aðeins leitast við að lýsa stuttlega sýningardeild SÍS, en tókst þó ekki án þess að eitthvað gleymdist. Á ganginum milli sýningardeildanna voru sýningar frá Kaffibætisgerðinni Freyju og Kaffibrennslu Akureyrar, og þar var einnig geysimikið og haglega gert línurit, er sýndi hinn öra vöxt iðnaðarframleiðslu íslenzkra samvinnumanna. Þá voru þar afmælismerki Sambandsins, og undir þeim bekkir, sem Jón Karlsson teiknaði til þess eins að lofa gestum að hvíla sig, en hafa þó vakið athygli ekki síður en sýningargripir.

EINU ATRÍÐI mætti bæta við greinina um kosningarnar í Bandaríkjunum, en það er viðhorf þeirra Eisenhower og Stevensons til samvinnunnar. Í stefnuskrám beggja aðalflokkanna er lýst stuðningi við samvinnufélög bænda, en demókratar eru að því leyti raunhæfari í stuðningi sínum, að þeir taka fram, að þeir muni beita sér gegn því, að starfsemi samvinnufélaganna verði heft með óréttmætri lagasetningu, og er þar átt við skattabaráttuna. Í aðalræðum sínum til bændastéttarinnar, sem framþjóðendur fluttu samdægurs á

Framleiðslusamvinna eykur afköst og bætir lífskjör vinnandi manna

Eftir Eystein Jónsson, fjármálaráðherra

Í dag er þrítugasti samvinnudagurinn.


Íslenzkir samvinnumenn hafa nú minnst hans hér í útvarpinu í kvöld og víðsvegar um landið hefur samvinnunnar verið minnst í dag. Samvinnuhreyfingin er alþjóðleg hreyfing og í dag minnst samvinnumenn um allan heim samvinnunnar og samvinnustarfsins.

Hjá okkur mótast hátíðahöld samvinnudagsins að þessu sinni verulega af því, að árið 1952 er ár hinna miklu minninga í samvinnusögu landsins. Í ár er þess minnst, að 70 ár eru liðin frá því að fyrsta kaupfélagið var stofnað og að á þessu ári varð Samband íslenskra samvinnufélaga 50 ára.

Við minnumst þess, hve glæsilegur árangur hefur orðið af samvinnustarfinu hér á landi. Við minnumst þess, hve stórfelldan þátt samvinnustarfið hefur átt í því að gera lífið betra og fegurra fyrir alþýðu þessa lands. Við minnumst árangursins af samvinnunni um vöruinnflutninginn, vörudreifinguna, um vinnslu framleiðsluvaranna og sölu þeirra, um byggingar, tryggingar, iðnað og siglingar.

Samvinnuhreyfingin er stærsta félagsmálhreyfing þessa lands, og auk allra þeirra efnalegu verðmæta, sem hún hefur fært félögum sínum og allri þjóðinni, hafa samvinnufélögin orðið félagsmálaskóli, þar sem menn hafa tamið sér óeigingjarnt samstarf eftir lýðræðisreglu. Þannig hefur samvinnuhreyfingin ætíð verið og er ennþá einn traustasti hornsteinn þess lýðræðis, sem þjóðskipulag okkar er í reist.

Góður samvinnumaður verður ætíð góður þjóðfélagsþegn, blátt áfram af



Eystein Jónsson fjármálaráðherra og varaformaður SÍS flutti erindi það, sem hér birtist, í útvarpi á samvinnudaginn.

því, að hann skilur af reynslunni þær reglur, sem góður og gagnlegur félagsskapur þarf að setja samlífi manna, til þess að stuðla að velmegun og hamingju félaganna. Góður samvinnumaður, skólaður í starfinu, þekkir út í æsar grundvallarhugsun lýðræðisins og hvað gera þarf til þess að halda lýðræðið í heiðri.

Það er eitt af því, sem stuðlar að giftu Íslendinga, hve samvinnuhreyfingin hefur orðið sterkt afl í þjóðlífinu.

Þessa alls er gott að minnst.

Jafnframt er gott að temja sér að líta fram á veginn, ekki sízt nú á ári hinna miklu minninga. Það hafa ís-

lenzkir samvinnumenn einnig gert í sambandi við hátíðahöld sín, sem annars hafa að sjálfsögðu verið helguð þeim sigrum, sem unnizt hafa. Ég vil í þessum lokaorðum aðeins minnst á eitt stórfellt framtíðarverkefni. Það er framleiðslusamvinnan.

Gizka mætti á, að 60—70% af íslenzku þjóðinni taki nú kaup eða laun fyrir störf sín. Kaup og launagreiðslur standa ekki í beinu órofa sambandi við það, sem vinnan gefur raunverulega af sér. Það er stórfellt þjóðfélagslegt vandamál, hver launin eiga að vera. Öll þjóðin á afkomu sína undir því, hve mikið framleitt er, þegar til lengdar lætur. Það á við um þá, sem taka kaupgjald og laun eigi síður en hina, þótt sambandið sé svo óljóst þar á milli orðið, að þeim, sem taka kaup eða laun, finnst oft, að þeir muni ekki njóta þess, ef framleiðslan eykst og þá einnig tæpast gjalda þess, þótt framleiðslan minnki.

Það fyrirkomulag, sem við búum við í mörgum framleiðslugreinum, felur í sér hættuna á minnkandi framleiðslu í stað vaxandi, og þar með þá hættu, að lífskjör þjóðarinnar fari versnandi, en ekki batnandi. Það vantar meðal annars beina tryggingu fyrir því, að aukin framleiðsla og afköst færi þeim, sem vinna og framleiða, hækkaðar tekjur og bætt lífskjör.

Hér þarf að grípa til úrræða samvinnunnar og tryggja mönnum sannvirði vinnunnar. Koma upp framleiðslusamvinnufélögum í iðnaði, t. d. þar sem framleiðslan er rekin af félagi þeirra, sem vinna og ávöxtur starfsins kemur til góða þeim, sem vinna í kaupuppbótum umfram venjulegt kaup.

Kaupfélagsstjóri kosinn á þing



Síðastliðið vor var þessi mynd tekin í innflutningsdeild SÍS í Reykjavík, er Eiríkur Þorsteinsson, kaupfélagsstjóri, var að gera innkaup á skóm. Við aukaköslu í Vestur-Ísafjarðarsýslu í síðastliðnum mánuði var Eiríkur kjörinn alþingismaður sýslunnar með miklum atkvæðamun og hefur hann nú tekið sæti það, sem forseti Íslands áður skipaði á alþingi. Eiríkur stundaði nám í Samvinnuskólanum 1927, var síðan um skeið kaupfélagsstjóri í Kf. Langnesinga, en síðan 1932 kaupfélagsstjóri á Þingeyri. Hefur hann farið með mörg trúnaðarstörf þar vestra og unnið af atorku við eflingu félagsins og atvinnulífs þar vestra. — Sölumaðurinn til hægri á myndinni að ofan er Lúðvík Jónsson, sem nú er orðinn kaupfélagsstjóri á Siglufirði.

Slík samvinnufyrirtæki mundu gefa margskonar ávinning, hækka kaupni og bæta lífskjör þeirra, sem í þeim taka þátt, því að engin skynsamleg ástæða er til þess að efast um, að einmitt þessi félög sýndu aukna framleiðslu og afköst frá því, sem tíðkast þar, sem ekki er leitað að sannvirði vinnunnar. Aukin framleiðsla í þessum félögum og bætt kjör hins vinnandi fólks í þeim, mundi svo auðvitað leiða til meiri framleiðslu og bættra kjara hjá öðrum fyrirtækjum, alveg eins og samvinnuverzlunin í landinu hefur tryggt mönnum miklu

hagkvæmari verzlun, en komið hefði til mála að menn hefðu notið, ef samvinnuverzlunin hefði ekki komið til sögunnar, og með því bætt lífskjör allrar þjóðarinnar.

Vel heppnuð framleiðslusamvinna í iðnaði mundi hafa þau áhrif að auka framleiðsluna yfirleitt bæði hjá framleiðslusamvinnufélögum sjálfum og einnig hjá öðrum framleiðslufyrirtækjum og þannig bæta kjör verkafélksins og allrar þjóðarinnar. Með djörfu átaki í þessa stefnu af hálfu vinnandi fólks mætti snúa við á þeirri háskabraut, sem nú er farin og hætt

er við að leiði til minnkandi framleiðslu og rýrnandi lífskjara, hvað sem kaupinu líður á pappírnum.

Leiðin er sú að auka framleiðsluna og tryggja sér sannvirði vinnunnar. Bætt lífskjör er ekki hægt að tryggja sér án þess að auka framleiðslu og framleiðslan eykst ekki, svo sem efni standa til, nema menn viti, að þeir njóti þess, sem þeir og félagar þeirra gera vel.

Þess vegna er samvinnan úrræðið í þessum vanda.

Eru þetta ekki skýjaborgir, hugsar einhver. Geta margir verið í framleiðslusamvinnufélagi svo vel fari? Þetta eru engar skýjaborgir. Í mörgum löndum hafa framleiðslusamvinnufélög í iðnaði starfað með góðum árangri um langan aldur. Sum þeirra mjög stór og þýðingarmikil. Félagsmenn slíkra félaga innan Alþjóðasambands samvinnumanna eru nú 834 þús. að tölu.

Ég nefni þetta hér í lokaorðum þessarar dagskrár, sem dæmi um framtíðarverkefni. Ég nefni þetta einnig sem dæmi þess, hvernig úrræði samvinnunnar eiga við, þegar leysa þarf hin erfiðustu þjóðfélagsvandamál, ef menn hafa dug, félagsþroska og víðsýni til þess að notfæra sér þau.

Á þessu ári skeður sá atburður, að hér á landi var í fyrsta sinn haldið ársþing völdugra alþjóðasamtaka. Það var þing Alþjóðasambands samvinnumanna. Innan þessara samtaka eru 106 milljónir manna í 33 löndum. Allt þetta fólk notfærir sér úrræði samvinnunnar. Það er íslenskum samvinnuönnum styrkur að taka þátt í þessum miklu samtökum og sérstök uppörfun er það okkur íslenskum samvinnuönnum, að Alþjóðasambandið skyldi sýna íslenskum samvinnuönnum og íslensku þjóðinni þann sóma að halda hér mót sitt á þessu merkisári í sögu samvinnunnar hér á landi.

Megi það verða tákni um þróun íslenskra félagsmála framvegis, að Alþjóðasamband samvinnumanna varð fyrst hinna stóru alþjóðasamtaka til þess að halda mót sitt á Íslandi.